



UMHVERFISSTOFNUN

Úttekt á innra eftirliti leiksvæða grunn- og leikskóla

**Samstarfsverkefni Umhverfisstofnunar og
Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna 2011.**

Júní 2013

Efnisyfirlit

SAMANTEKT	1–3
1. INNGANGUR	1–4
1.1. Bakgrunnur	1–4
1.1.1. Reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, með síðari breytingum	1–4
1.1.2. Leiðbeiningar og gátlistar	1–6
2. FRAMKVÆMD	2–8
2.1. Undirbúningur og framkvæmd	2–8
2.2. Tilgangur verkefnis	2–8
3. NIÐURSTÖÐUR SPURNINGA	3–9
3.1. Reglubundin yfirlitsskoðun á leiksvæði	3–9
3.2. Rekstrarskoðun á leiksvæði	3–12
3.3. Aðalskoðun á leiksvæði	3–13
4. UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR	4–15
4.1. Túlkun niðurstaðna	4–15
4.1.1. Niðurstöður spurninga sem ber að taka með fyrirvara	4–15
4.2. Innra eftirlit leiksvæða – ályktun út frá niðurstöðum	4–15
4.3. Tillögur til úrbóta	4–16
VIÐAUKI I	4–17

Samantekt

- Heilbrigðisnefnd skal gera kröfu í starfsleyfi um innra eftirlit á leiksvæðum og með leikvallatækjum. Rekstraraðili ber ábyrgð á innra eftirliti. Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með að farið sé eftir ákvæðum reglugerðarinnar.
- Í eftirlitsverkefni þessu var það kannað hvernig innra eftirliti er háttað á 217 leiksvæðum á landinu.

Lagðar voru spurningar fyrir ábyrgðaraðila á leiksvæðum um innra eftirlit: tíðni, skráningu, notkun gátlista og viðbrögðum. Úttekt var gerð á 217 leiksvæðum á landinu öllu. Hafa ber í huga að niðurstöður sýna ástandið eins og það var þegar úttekt var framkvæmd, en ástand getur hafa breyst síðan þá.

Reglubundin yfirlitsskoðun var framkvæmd í yfir 95% tilfella. Í flestum tilfellum var slík skoðun framkvæmd daglega og mátu heilbrigðisfulltrúar tíðni framkvæmdar fullnægjandi samhliða því. Notast var við gátlista við framkvæmd í um helmingi tilfella. Skráning á frávikum og úrbótum á leiksvæðum fór fram í um 65% tilfella, þar af var regluleg skráning á tæplega fimmtungi þeirra.

Rekstrarskoðun var framkvæmd í um 84% tilfella. Í um helmingi tilfella var slík skoðun framkvæmd á 1-3 mánaða fresti og notast var við gátlista í yfir helmingi tilfella. Leik- eða grunnskólastjóri fékk afhenta skoðunarskýrslu í kjölfar skoðunar í um 40% tilfella.

Aðalskoðun hafið verið framkvæmd í um 36% tilfella, á um þriðjungi þeirra leiksvæða hafði tíðni hennar verið árleg og skoðunarskýrsla hafði verið afhent leik- eða grunnskólastjóra í flestum tilfellum.

Helstu tillögur um úrbætur:

- Stuðla að aukningu í notkun gátlista við framkvæmd reglulegrar yfirlitsskoðunar og rekstrarskoðunar.
- Bæta þarf skráningu á frávikum og úrbótum í kjölfar reglubundinnar yfirlitsskoðunar og samantekt þar á.
- Tryggja að rekstrarskoðun sé framkvæmd á öllum leiksvæðum.
- Skoðunarskýrsla rekstrarskoðunar sé afhent leik- eða grunnskólastjóra.
- Framkvæmd aðalskoðunar sé árleg skv. ákvæðum reglugerðar um leiksvæði.

1. Inngangur

1.1. Bakgrunnur

1.1.1. Reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, með síðari breytingum

Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim kom út árið 2002 og er markmið hennar að stuðla að öryggi barna og annarra með því að tryggja að leikvallatæki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt. Gildir reglugerðin um öryggi leiksvæða og leikvallatækja og eftirlit með þeim, hvort sem um er að ræða tímabundna starfsemi eða til frambúðar. Í reglugerðinni er leikvallatæki skilgreint sem þar til gert tæki eða mannvirki, þar með talið hlutar þess, sem börn leika sér í eða á utanhúss og innanhúss. Að sama skapi er leiksvæði skilgreint sem svæði, hvort sem er innan dyra eða utan, skipulagt fyrir leik barna svo sem í eða við leikskóla, skóla, gæsluvelli og opin leiksvæði. Einnig er hér um að ræða leiksvæði annarra aðila þar sem börn eiga greiðan aðgang að eða ætlað börnum svo sem í eða við fjöleignarhús, frístundahús, tjaldsvæði, verlsunarhúsnæði og samkomustaði.

Rekstraraðili ber ábyrgð á að leiksvæði og leikvallatæki þess sé í samræmi við ákvæði reglugerðar um leiksvæði og leikvallatæki. Til að tryggja öryggi barna á leiksvæðum við hönnun og gerð leiksvæða gildir eftirfarandi:

1. Leiksvæði skulu vera þannig hönnuð og frágengin að minnsta mögulega hætta sé á að börn verði fyrir slysi á svæðinu.
2. Séu hlutir úr náttúrunni notaðir sem leikvallatæki eða sem hluti þeirra gilda sömu kröfur um þau og önnur leikvallatæki, eftir því sem við á.
3. Yfirborðsefni á leiksvæðum skulu valin með tilliti til hálfu og falls og viðeigandi skil skulu vera á milli mismunandi yfirborðsefna.
4. Leiksvæði skulu hönnuð með vatnshalla, vera vel framræst og þess gætt að vatn safnist ekki fyrir þannig að hætta stafi af.
5. Gæta skal að því að á leiksvæðum sé ekki eitraður gróður.
6. Umhverfisstofnun gefur út lista yfir varasaman gróður.
7. Sé hluti leiksvæðis náttúrulegt svæði skal það yfirfarið og gengið þannig frá því að minnsta mögulega hætta sé á að börn verði fyrir slysi á svæðinu.
8. Á svæðum sem ætluð eru til vatnsleikja skal þess gætt við hönnun og frágang og rekstur að ekki skapist hætta af.
9. Við hönnun sleðabrekku skal miða við að rennslíð niður sé óhindrað og án hættulegrar fyrirstöðu. Við hönnun skal miða við að rennslisflöturinn sé með setflöt efst, hæfilegum halla og bremsuflöt neðst. Þar sem þörf er á skal koma fyrir bólstruðum stöðvunarhindrunum.



10. Staðsetja skal hjólastíga á leiksvæðum þannig að þeir liggja ekki um lágmarksrými leikvallatækja. Þeir skulu vera minnst 120 cm breiðir, halli skal vera hæfilegur og hafa skal hindranir meðfram þar sem hætta er á falli. Lágmarksrými er það rými sem þörf er á umhverfis tækið svo hættulaust sé að nota það.
11. Um hönnun sandkassa gilda sömu kröfur og um önnur leikvallatæki.
12. Um stoðveggi, verkfærageymslur og önnur mannvirki á leiksvæðum gilda eftir því sem við á sömu kröfur og um leikvallatæki.
13. Á leiksvæðum er óheimilt að nota efnavörur eða hluti sem valdið geta heilsutjóni vegna geislunar, inntöku, innöndunar eða upptöku um húð. Val á efnum skal standast ákvæði laga um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Um aðra notkun efna og efnavara vísast til staðalsins ÍST EN 71 um öryggi leikfanga.
14. Um gerð leiksvæða vísast að öðru leyti til RB-blaðs (V6). 003: Leiktæki og annar búnaður á útileiksvæði m.t.t. barna.

Hönnun, framleiðsla, frágangur og viðhald leikvallatækis og fallflatar þess skal vera þannig að minnsta mögulega hætta sé á að börn verði fyrir slysi af leik í tækinu þegar það er notað eins og til er ætlast eða eins og búast má við að það sé notað.

Áður en leiksvæði er tekið í notkun skal fara fram lokaúttekt byggingarfulltrúa. Leiksvæði telst vera mannvirki og við lokaúttekt byggingarfulltrúa skal gerð úttekt á því hvort leiksvæði uppfylli ákvæði laga um mannvirki, reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og hvort byggt hefur verið í samræmi við samþykkt hönnunargögn. Byggingarfulltrúi tekur einnig út hvort að þess hafi verið gætt við frágang leikvallatækja á lóðum og annars búnaðar sem er tengdur þeim að öryggi og aðgengi notenda verði sem best tryggt¹.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðarinnar, tíðni þess eftirlits er háð mati eftirlitsaðila og við slíkt mat skal tekið tillit til umfangs og innra eftirlits þess leiksvæðis sem um ræðir. Heilbrigðisnefnd skal gera kröfu í starfsleyfi um innra eftirlit á leiksvæðum og með leikvallatækjum. Rekstraraðili ber ábyrgð á innra eftirliti. Ábyrgðaraðili skal vera að hverjum eftirlitsþætti innra eftirlits og skal hann gera rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og benda á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili skal gera nauðsynlegar úrbætur eða taka leikvallatæki úr notkun.

Innra eftirlit skal vera skv. ákvæðum staðalsins ÍST EN 1176 (um leikvallatæki og fallundirlag), það skal framkvæmt skv. gátlista og í því skal vera slysaskráning. Í innra eftirlitinu skal tilgreina til hvaða úrbóta skal grípa þegar frávík verða frá ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum var lokið. Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun:

¹ Byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum.

1.1.1.1. Reglubundin yfirlitsskoðun

Reglubundin yfirlitsskoðun getur þurft að framkvæma daglega eftir notkun og álagi á leiksvæðinu. Tilgangur skoðunarinnar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun. Dæmi um þetta er hættulegt rusl, skemmd leikvallatæki, lausar festingar leikvallatækja og marka, slitnir hreyfihlutir, flísar, útistandandi naglar og skrúfur og óvarðar undirstöður. Reglubundin yfirlitsskoðun felst einnig í að jafna yfirborðsefni undir leikvallatækjum með því að raka til mól og sand og sópa lausu efni af stéttum eftir þörfum. Þá skal við reglubundna yfirlitsskoðun fjarlægja skemmd leikföng og gera viðeigandi ráðstafanir til að taka bilaðan búnað úr umferð.

1.1.1.2. Rekstrarskoðun

Rekstrarskoðun felst í verklegri yfirferð, viðhaldi og viðgerðum og gæti þurft að framkvæma skoðunina á 1-3 mánaða fresti eftir notkun og álagi. Skoðuninni er ætlað að ganga úr skugga um að leikvallatæki virki eins og ætlast er til, stöðugleiki og festingar þeirra séu tryggar, kanna slitfleti, gera við tæki og framkvæma nauðsynlegt viðhald, svo sem mála, skipta um slitfleti, festa tæki og jafna undirlag. Hér er bæði unnið eftir leiðbeiningum framleiðanda og ábendingum frá reglubundinni yfirlitsskoðun.

1.1.1.3. Aðalskoðun

Aðalskoðun er ástandsskoðun sem ætlað er að gera heildarúttekt á öryggi leikvallatækja, yfirborðsefna, m.a. yfirborðsefna til dempunar falls, og undirstaða undir leikvallatækjum (stöðugleikapróf), til dæmis vegna áhrifa veðrunar eins og ryðs og rotnunar á leikvallatæki og á yfirborðsefni. Einnig allar breytingar er geta haft áhrif á öryggi leikvallatækja. Þar má nefna áhrif viðgerða eða ísetningu nýrra hluta og uppsetningu nýrra tækja á leiksvæðum. Staðallinn segir til um að aðalskoðun eigi að vera framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Hæfni aðila fer eftir eðli verkefnis.

1.1.2. Leiðbeiningar og gátlistar

Á [vefsíðu Umhverfisstofnunar](#) má finna öryggisvísi leiksvæða, handbók um rekstrarskoðun á leiksvæðum og skoðunarhandbók fyrir aðalskoðun leiksvæða.

1.1.2.1. Öryggisvísir leiksvæða

[Öryggisvísir leiksvæða](#) er leiðarvísir um öryggismál leiksvæða og leikvallatækja ásamt undirlagi þeirra. Öryggisvísirinn er ætlaður til leiðbeiningar fyrir alla þá aðila sem með einum eða öðrum hætti koma að gerð eða rekstri leiksvæða. Í inngangi og útskýringum er lýst uppbyggingu og bakgrunni öryggisvísisins, en honum er skipt í tvo megin hluta, annars vegar um hönnun leiksvæða og hins vegar um rekstur leiksvæða. Báðir hlutarnir eru settir upp sem flæðirit. Þeim er ætlað að gefa lesanda gott yfirlit yfir feril öryggismála við hönnun og gerð annars vegar og rekstur og eftirlit leiksvæðis hins vegar.

1.1.2.2. Handbók um rekstrarskoðun

[Handbók um rekstrarskoðun](#), sem gefin var út af RoSPA (Royal Society of Prevention of Accidents) í Bretlandi og ætluð fyrir rekstrarskoðun leiksvæða, skemmtigarða og hjólabrettavalla, hefur verið þýdd og staðfærð. Reglulega skoðun leiksvæða er best að gera



á kerfisbundinn hátt. Skiptir þá engu hvaða venjubundna ferli er notað. Hinsvegar er mikilvægt að nota alltaf sömu aðferðina til að forðast að missa af einhverju. Í handbókinni eru upplýsingar og gögn sem hjálpa til við kerfisbundna skoðun. Þar á meðal fjöldi gátlista. Einnig er bent á flýtleiðir fyrir skoðun algengustu leikvallatækja. Handbókin er ætlað að koma öllum þeim sem koma að rekstrarskoðun leiktækja að gagni.

1.1.2.3. Skoðunarhandbók fyrir aðalskoðun leiksvæða

[Skoðunarhandbók fyrir aðalskoðun leiksvæða](#) hefur það markmið að veita upplýsingar og vera vinnulýsing fyrir þá sem framkvæma árlega aðalskoðun leiksvæða. Þá eigi skoðunarhandbókin að tryggja sambærilega, gagnsæja og faglega skoðun á leikvallatækjum og leiksvæðum.

2. Framkvæmd

2.1. Undirbúningur og framkvæmd

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar varðandi leikvallatæki í notkun og öryggi leiksvæða. Starfandi er svokallaður Hollustuháttahópur sem er samstarfshópur heilbrigðisnefnda og Umhverfisstofnunar í þeim tilgangi að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á landinu.

Árið 2010 ákvað Hollustuháttahópurinn að skipuleggja eftirlitsverkefni á leiksvæðum á landsvísu og var verkefnið framkvæmt árið eftir, 2011. Markmið verkefnisins var að kanna stöðu ýmissa öryggisþátta í innra eftirliti leiksvæða og í kjölfarið að stuðla að úrbótum ef í ljós kæmi að þeirra væri þörf. Verkefni af þessu tagi er einnig liður í að samræma framkvæmd heilbrigðiseftirlits á landsvísu.

Níu heilbrigðiseftirlitssvæði af tíu tóku þátt í verkefninu, heilbrigðiseftirlit Austurlands, Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Kjós, Norðurlands Eystra og Vestra, Reykjavíkur, Suðurlands, Suðurnesja og Vestfjarða. Alls voru 217 leiksvæði heimsótt, þar sem spurningar voru lagðar fyrir ábyrgðaraðila.

Spurningar varðandi innra eftirlit s.s. tíðni yfirlitsskoðunar, rekstrarskoðunar og aðalskoðunar á leiksvæði, notkun gátlista og skráningu frávíka voru lagðar fyrir ábyrgðaraðila leiksvæða. Sjá spurningablað í viðauka I. Spurningalistinn var settur upp í Excel forriti, heilbrigðisfulltrúar færðu inn svör og sendu svo til Umhverfisstofnunar. Allar tölulegar samantektir voru síðan gerðar í Excel forriti.

2.2. Tilgangur verkefnis

Tilgangur verkefnis var að kanna framkvæmd innra eftirlits á leiksvæðum á landsvísu, með áherslu á:


- Framkvæmd og skráning innra eftirlits leiksvæða.
- Framkvæmd hvað varðar ákveðna þætti öryggismála á leiksvæðum, s.s. hvort til séu gátlistar fyrir framkvæmd yfirlits- og rekstrarskoðunar, samantekt á niðurstöðum skoðana á leiksvæðum, hvort viðbrögð hafi verið við endurteknum frávikum og afhending skoðunarskýrslu til leik- eða grunnskólastjóra.

3. Niðurstöður spurninga

Í 12. grein reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða² er fjallað um þau atriði sem falla undir innra eftirlit. Í viðauka III með reglugerðinni er innra eftirlit skilgreint í þrenns lags skoðanir á leiksvæði; reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun. Eftirfarandi eru niðurstöður úttektarinnar á hverri gerð skoðunar fyrir sig skv. spurningalista (sjá nánar viðauka I).

3.1. Reglubundin yfirlitsskoðun á leiksvæði


Í eftirlitsverkefninu voru níu spurningar um reglubundna yfirlitsskoðun. Spurt var um tíðni skoðunarinnar, hvort að mat heilbrigðisfulltrúa væri svo að tíðnin væri fullnægjandi, hvort skoðunin væri framkvæmd skv. gátlista, hvort frávik og úrbætur væru skráðar og gerð samantekt þar á og hvort brugðist hefði verið við ef um endurtekin frávik væri að ræða.



Mynd 1 sýnir niðurstöður úr spurningum um tíðni reglubundinnar yfirlitsskoðunar.


Reglubundna yfirlitsskoðun getur þurft að framkvæma daglega allt eftir notkun og álagi á leiksvæðinu. Alls var reglubundin yfirlitsskoðun framkvæmd á 207 leiksvæðum eða 95,4% allra leiksvæða í úttektinni. Skoðunin var framkvæmd daglega á 184 leiksvæðum eða 84,8% tilfella. Skoðunin var framkvæmd 3-4 sinnum í viku á 5 leiksvæðum eða í 2,3% tilfella, 2-3 sinnum í viku á 7 leiksvæðum eða í 3,2% tilfella og 1 sinni í viku á 11 leiksvæðum eða í 5,1% tilfella.

² Reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, með síðari breytingum.




Mynd 2 sýnir niðurstöður spurningar um mat heilbrigðisfulltrúa á fullnægjandi tíðni skoðunarinnar.

Heilbrigðisfulltrúar mátu sem svo að tíðni reglubundinnar yfirlitsskoðunar væri fullnægjandi á 180 leiksvæðum eða í tæpum 82,9% tilfella. Hlutfall þess að tíðni þótti fullnægjandi var nánast það sama og hlutfall daglegra yfirlitsskoðunar eins og sjá má á Mynd 1, sem gefur til kynna að sjaldnari tíðni yfirlitsskoðunar en dagleg hafi ekki þótt fullnægjandi að mati heilbrigðisfulltrúa.




Mynd 3 sýnir niðurstöður spurningar um notkun gátlista við framkvæmd yfirlitsskoðunar.

Gátlisti var notaður við framkvæmd reglubundinnar yfirlitsskoðunar á 107 leiksvæðum eða í tæplega 52% tilfella þar sem reglubundin yfirlitsskoðun var framkvæmd. Á þeim leiksvæðum þar sem reglubundin yfirlitsskoðun var framkvæmd daglega var notaður gátlisti á 104 leiksvæðum eða í 56,6% tilfella.



Mynd 4 sýnir niðurstöður spurninga um reglulega samantekt frávika og aðgerðir, séu frávik endurtekin á leiksvæðum þar sem frávik hafa verið skráð.

Frávik og úrbætur á leiksvæði voru skráð á 141 leiksvæðum eða 65% tilfella. Frávik voru tekin saman reglulega á 29 leiksvæðum af þeim 141 þar sem skráning fór fram, eða í tæplega 21% tilfella.




Mynd 5 sýnir niðurstöður fyrir leiksvæði þar sem yfirlitsskoðun var framkvæmd daglega.

Á mynd 5 má sjá niðurstöður hvers þáttar sem um var spurt fyrir þau leiksvæði þar sem reglubundin yfirlitsskoðun var framkvæmd daglega. Á þeim 184 leiksvæðum þótti það vera fullnægjandi tíðni í 91,3% tilfella (í 11 tilfellum var ekki svarað eða svar ómarktækt svo fullnægjandi tíðni gæti talist meiri, svarað var neitandi í 5 tilfellum eða fyrir 2,7% þeirra leiksvæða þar sem reglubundin yfirlitsskoðun var framkvæmd daglega). Skoðunin var framkvæmd skv. gátlista á 104 leiksvæðum eða í 56,5% tilfella. Frávik og úrbætur voru skráðar á 135 þeirra leiksvæða, eða 73,4% tilfella. Regluleg samantekt frávika var framkvæmd á 34 leiksvæðum eða í 18,5% tilfella.

Nánar er fjallað um niðurstöður spurninga um reglubundna yfirlitsskoðun í kaflanum *Umræða og ályktanir*.


3.2. Rekstrarskoðun á leiksvæði

Í eftirlitsverkefninu voru fimm spurningar um rekstrarskoðun á leiksvæði. Spurt var um hvort rekstrarskoðun væri framkvæmd á leiksvæðinu, tíðni skoðunarinnar, hvort hún væri framkvæmd skv. gátlista og um upplýsingagjöf um skoðunina til leik- eða grunnskólastjóra.



Mynd 6 sýnir niðurstöður spurningar um hvort rekstrarskoðun hafi verið framkvæmd á leiksvæði.

Rekstrarskoðun hafði verið framkvæmd á 183 leiksvæðum eða 84,3% tilfella.




Mynd 7 sýnir niðurstöður spurninga um tíðni rekstrarskoðunar, notkun gátlista og hvort leik- eða grunnskólastjóri hafi fengið afrit af skoðunarskýrslu.

Rekstrarskoðun var framkvæmd á 1-3 mánaða fresti á 101 af þeim 183 leiksvæðum þar sem skoðunin hafði verið framkvæmd, eða um 55%. Að sama skapi var rekstrarskoðun framkvæmd sjaldnar en á 3ja mánaða fresti á 73 leiksvæðum eða tæplega 40%. Gátlisti var notaður í 111 tilfellum eða um 61% og skoðunarskýrsla hafði verið afhent leik- eða grunnskólastjóra í 72 tilfellum eða um 40%. Benda má á gátlista fyrir rekstrarskoðun í *Handbók um rekstrarskoðun á leiksvæðum*³.

3.3. Aðalskoðun á leiksvæði


Í eftirlitsverkefninu voru þrjár spurningar um aðalskoðun. Spurt var um hvort aðalskoðun hefði verið framkvæmd frá árinu 2002, hvort hún hefði verið framkvæmd árlega og um upplýsingagjöf um skoðunina til leik- eða grunnskólastjóra.



Mynd 8 sýnir niðurstöður spurningar um hvort aðalskoðun hafi verið framkvæmd frá árinu 2002.

Aðalskoðun hafði verið framkvæmd frá árinu 2002 á 79 leiksvæðum eða í 36,4% tilfella. Skoðunin hafði ekki verið framkvæmd á 136 leiksvæðum eða um 63% tilfella.

³ Aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is



Mynd 9 sýnir niðurstöður spurninga um árlega tíðni og afhendingu skoðunarskýrslu til leik- eða grunnskólastjóra þar sem aðalskoðun hafði verið framkvæmd.

Á þeim 79 leiksvæðum þar sem að aðalskoðun hafði verið framkvæmd frá árinu 2002 var árleg tíðni skoðunarinnar á 29 þeirra eða 36,7% og var skoðunarskýrsla afhent leik- eða grunnskólastjóra í 64 tilfellum eða 81%.

4. Umræða og ályktanir

4.1. Túlkun niðurstaðna

Reglubundin yfirlitsskoðun hafði verið framkvæmd á nánast öllum leiksvæðum eða 95% allra leiksvæðanna, þar af hafði slík skoðun verið framkvæmd daglega á litlu færri leiksvæðum eða 85% allra. Heilbrigðisfulltrúar töldu tíðni skoðunar vera fullnægjandi í álíka mörgum tilfellum eða 83%. Gátlisti hafði verið notaður í helmingi tilfella og samantekt á frávikum hafði verið til staðar í fimmtungi tilfella. Gripið hafði verið til aðgerða í kjölfar endurtekinnna frávika á 76% leiksvæða. Á þeim leiksvæðum þar sem reglubundin yfirlitsskoðun hafði verið framkvæmd var tíðni skoðunarinnar talin fullnægjandi að mati heilbrigðisfulltrúa í flestum tilfellum eða 91%, gátlisti hafði verið notaður í rúmlega helmingi tilfella og skráning farið fram á frávikum og úrbótum í 73% tilfella, samantekt á frávikum hafði verið gerð í um fimmtungi tilfella.

Rekstrarskoðun hafði verið framkvæmd á flestum leiksvæðum eða 84% þeirra. Þar sem slík skoðun hafði farið fram hafði hún verið framkvæmd á 1 – 3 mánaða fresti í rúmlega helmingi tilfella en sjaldnar í um 40% tilfella, gátlisti hafði verið notaður á um 61% leiksvæðum og skýrsla í kjölfar skoðunarinnar verið afhent leik- eða grunnskólastjóra í 40% tilfella.

Aðalskoðun hafði verið framkvæmd frá árinu 2002 í 36% tilfella. Þar sem aðalskoðun hafði farið fram var árleg tíðni hennar í 37% tilfella og skýrsla hafði verið afhent leik- eða grunnskólastjóra í flestum tilfellum eða 81% þeirra.

4.1.1. Niðurstöður spurninga sem ber að taka með fyrirvara

Spurning 1. i) fjallar um hvort leikskólinn hefði brugðist við endurteknum frávikum með aðgerðum, af þeim leiksvæðum þar sem frávik voru skráð var raunin sú á 107 leiksvæði eða tæplega 76% tilfella. Niðurstöðum þessarar spurningar ber að taka með fyrirvara sökum mívísandi orðalags á spurningunni, en spurt var sérstaklega um leikskóla en ekki leik- og grunnskóla sem getur hafa valdið mismunandi svörum. Einnig felur spurningin í sér að um endurtekin frávik sé að ræða en ekki höfðu áður verið spurningar um tíðni frávika, þ.e. hvort um einstök tilfelli hefði verið að ræða eða endurtekin sem getur einnig hafa valdið mismunandi svörum m.v. túlkun á spurningu. Því gætu niðurstöður spurningarinnar verið ómarktækar.

4.2. Innra eftirlit leiksvæða – ályktun út frá niðurstöðum

Af niðurstöðum úttektarinnar að dæma má draga eftirfarandi ályktanir um innra eftirlit á leiksvæðum leik- og grunnskóla á landinu:

- Reglubundin yfirlitsskoðun er framkvæmd á nánast öllum leiksvæðum á landinu (95%), oftast daglega (85%).
- Tíðni reglubundinnar yfirlitsskoðunar er talin fullnægjandi að mati heilbrigðisfulltrúa í flestum tilfellum (83%).
- Gátlisti er notaður við reglubundna yfirlitsskoðun í um helmingi tilfella (52%).
- Frávik eru reglulega tekin saman í fimmtungi tilfella (21%).
- Leikskólar (og grunnskólar) bregðast oftast við endurteknum frávikum með aðgerðum (76%).
- Þar sem reglubundin yfirlitsskoðun er framkvæmd er tíðni hennar talin fullnægjandi að mati heilbrigðisfulltrúa á langflestum eliksæðum (91%), gátlisti er notaður í helmingi tilfella (57%), frávik og úrbætur eru oftast skráð (73%) og samantekt er gerð á frávikum á fáum leiksvæðum (19%).
- Rekstrarskoðun er framkvæmd á flestum leiksvæðum (84%).
- Þar sem rekstrarskoðun fer fram er tíðni hennar á 1 – 3 mánaða fresti á um helmingi leiksvæða (55%), annars sjaldnar (40%), gátlisti er notaður á mörgum leiksvæðum (61%) og skýrsla í kjölfar skoðunarinnar er afhent leik- eða grunnskólastjóra á innan við helmingi leiksvæðanna (40%).
- Aðalskoðun er framkvæmd á rúmlega þriðjungum leiksvæða á landinu (36%).
- Þar sem aðalskoðun fer fram er tíðni hennar árleg í rúmlega þriðjungu tilfella (37%) og skýrsla er afhent leik- eða grunnskólastjóra í kjölfar skoðunarinnar í flestum tilfellum (81%).

4.3. Tillögur til úrbóta

Helstu tillögur um úrbætur:

- Stuðla að aukningu í notkun gátlista við framkvæmd reglulegrar yfirlitsskoðunar og rekstrarskoðunar.
- Bæta þarf skráningu á frávikum og úrbótum í kjölfar reglubundinnar yfirlitsskoðunar og samantekt þar á.
- Tryggja að rekstrarskoðun sé framkvæmd á öllum leiksvæðum.
- Heilbrigðisfulltrúar meti hvort tíðni rekstrarskoðunar sé fullnægjandi á hverjum stað.
- Skoðunarskýrsla rekstrarskoðunar sé afhent leik- eða grunnskólastjóra í auknum mæli.
- Framkvæmd aðalskoðunar sé árleg skv. ákvæðum reglugerðar um leiksvæði.

Viðauki I

Eftirlitsverkefni HES og UST 2011: Úttekt á innra eftirliti leiksvæða grunn- og leikskóla
s.kv. Viðauka III í reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim

	Innra eftirlit á leiksvæðum		Athugasemd
1)	Er gerð reglubundin yfirlitsskoðun á leiksvæði? a) Daglega sem leik/grunnskóli er opinn? b) 3-4 í viku? c) 2-3 í viku d) Einu sinni í viku? e) Er tíðnin fullægjandi að mati heilbrigðisfulltrúa? f) Samkvæmt gátlista? g) Eru frávík og úrbætur skráðar? h) Eru frávík tekin saman reglulega? i) Hefur leikskólinn brugðist við endurteknum frávíkum með aðgerðum?	já () nei() já () nei() já () nei() já () nei() já () nei() já () nei() já () nei() já () nei() já () nei() já () nei()	
2)	Er gerð rekstrarskoðun á leiksvæði? a) Er skoðunin framkvæmd á 1-3 mán. fresti? b) Er skoðunin gerð samkv. gátlista? c) Fær leik-/grunnskólastjóri afrit af skoðunarskýrslu?	já () nei() já () nei() já () nei()	
3)	Er gerð aðalskoðun á leiksvæði? a) Hefur aðalskoðun verið gerð síðan 2002? b) Er hún gerð árlega? c) Fær leik-/grunnskólastjóri aðalskoðunarskýrslu?	já () nei() já () nei() já () nei()	